**154. löggjafarþing 2023–2024.**
**Þingskjal 1783 — 1132. mál.**

# Fyrirspurn

**til dómsmálaráðherra um áhrif sölu áfengis á framleiðslustað.**

Frá Líneik Önnu Sævarsdóttur.

1. Hver var niðurstaða lýðheilsumats á áhrifum laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (sala á framleiðslustað), sbr. umfjöllun í nefndaráliti á þskj. 1248 á 152. löggjafarþingi frá meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar?
2. Hvaða mótvægisaðgerðir hefur verið farið í eftir lagabreytingarnar vegna forvarna og lýðheilsusjónarmiða?
3. Hvaða fyrirmæli hefur ráðherra sett í reglugerð varðandi hámarksmagn drykkja sem heimilt er að selja í smásölu á framleiðslustað, sbr. 5. mgr. 5. gr. áfengislaga og umfjöllun í fyrrgreindu nefndaráliti?
4. Hversu margir framleiðendur hafa fengið leyfi til þess að selja áfengi á framleiðslustað?

**Skriflegt svar óskast.**